

# Samstarfsyfirlýsing

## um uppbyggingu leiguhúsnæðis í Fjallabyggð

Brák íbúðafélag hses. (Brák), Fjallabyggð og Verkstjórn ehf, gera með sér eftirfarandi samkomulag um að vinna saman að uppbyggingu leiguhúsnæðis í sveitarfélaginu Fjallabyggð.

Markmið verkefnisins eru:

- i. að stuðla að húsnæðisöryggi íbúa í Fjallabyggð með því að auka framboð íbúða til leigu fyrir tekju- og eignalága í sveitarfélaginu.
- ii. að tryggja aðgengi að lóðum við hæfi.

Verkefnið styður við hlutverk Brákar sem er:

*„Að tryggja tekjulágum fjölskyldum aðgengi að íbúðum í langtímaleigu með því að kaupa eða byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi íbúðanna.“*

Samstarfsyfirlýsing þessi nær til eftirfarandi uppbyggingar í Fjallabyggð.

1. Brák mun taka þátt í uppbyggingu á 6 íbúðum á Siglufirði í samstarfi við Verkstjórn ehf.
2. Sveitarfélagið skuldbindur sig til að sjá til þess að í boði verði skipulagðar lóðir við hæfi til þess að mæta þeirri íbúðauppgjöfingum sem fyrirhuguð er.
3. Verkstjórn ehf. mun í sameiningu við félagið fara í frekari greiningu og útfærslu á verkefninu með hagkvæmni og útlit hússins að leiðarljósi.

Fyrirliggjandi húsnæðisáætlun sýnir að veruleg þörf er á leiguíbúðum í sveitarfélaginu. Er það er mat samningsaðila að með samkomulagi þessu náist að fjölga íbúðum við hæfi sem nýtist mjög vel sveitarfélaginu sem og Brák til uppbyggingar á leiguhúsnæði fyrir tekju- og eignalága í samræmi við metna þörf á landsbyggðinni sem er eitt af megin markmiðum Brákar.

Reykjavík, 24. apríl 2023

F.h. Brák íbúðafélags hses.

F.h. Verkstjórnar ehf.

---

Elmar Erlendsson  
Framkvæmdastjóri

---

Grétar Sigfinnur Sigurðsson  
Framkvæmdastjóri

F.h. Fjallabyggðar

---

Sigríður Ingvarsdóttir  
Bæjarstjóri Fjallabyggðar